

Garðabær  
b/t Gunnars Einarssonar bæjarstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Bæjarstjórist. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.10.20
Málalykill	14.1
Mál nr.	2010233



Reykjanesbæ, 12. október 2020

Varðar: Uppsetning og rekstur gatnalýsingar.

Allt fram til 2001 átti Hitaveita Suðurnesja alla gatnalýsingu á Suðurnesjum, sá um og kostaði uppsetningu, viðhald og rafmagn til lýsingarinnar. Með sameiningu við Rafveitu Hafnarfjarðar var þessu breytt, sveitarfélögin tóku þá við gatnalýsingunni, greiddu stofnkostnað en Hitaveita Suðurnesja hf / HS Veitur hf annaðist uppsetningu, viðhald og rekstur sem verktaki. Fyrir nokkrum árum hættu HS Veitir þessari "verktakastarfsemi" á Suðurnesjum en eru enn að annast bessa þjónustu á hinum þremur veitusvæðunum og fyrir Vegagerð ríkisins. Þessi starfsemi fyrirtækisins orkar mjög tvímælis, þetta er í rauð verktakastarfsemi sem rafverktakar annast nú t.d. á Suðurnesjum og samskonar þjónusta hefur verið kærð hjá öðrum veitum. Þessi starfsemi féll mjög vel að hinni almennu starfsemi fyrirtækisins en þróunin hefur verið sú að "samlegðin" fer minnandi. Við teljum að starfsmenn fyrirtækisins verði mun betur nýttir í verkefni við rekstur okkar eigin kerfa auk þess sem þessi starfsemi er að skila afskaplega litlu ef einhverju.

Þetta mál var rætt á fundi stjórnar HS Veitna þann 9. október og þar var ákveðið að hætta þessari þjónustu sem fyrst og eigi síðar en um mitt næsta ár. Því er samskonar bréf sent á alla þá aðila sem þetta á við um þ.e. Hafnarfjörð, Garðabæ, Árborg, Vestmannaeyjar og svo Vegagerð ríkisins. Það er því óskað eftir viðræðum við hvern þessara aðila um hvernig verður að þessum breytingum staðið svo sem tímasetningar, hvernig mælingum verður hátt að o.fl.

Það er því óskað eftir að samband verði haft við undirritaðan um heppilegan fundartíma og fundarfyrirkomulag.

Virðingarfullst,

F.h. HS Veitna hf.  
HS Veitur hf  
431208-05X1  
Brekkustíg 36  
120 Reykjavík  
Július Jónsson  
Forstjóri

